

93. stjórnarfundur Bergrisans bs.

21.4.2026

Staðsetning: fjarfundur á Teams.

Fundur hófst klukkan 14:00.

Fundinn sátu: Bragi Bjarnason, Eggert Valur Guðmundsson, Elliði Vignisson, Ása Valdís Árnadóttir og Halldór Hreinsson (varamaður fyrir Söndru Sigurðardóttur).
Frá Bergrisanum voru Bjarki R. Kristjánsson og Íris Ellertsdóttir.

Dagskrá

1. Fundargerð þjónusturáðs

Verkefnastjóri kynnir fundargerð þjónusturáðs númer 199. Eftirfarandi er lagt fram til frekari umræðu:

1.a. Heildræn stefnumótun í málefnum fatlaðs fólks (mál nr. 5-199)

Verkefnastjóri kynnir minnisblað og erindisbréf fyrir áframhaldandi vinnu við heildstæða stefnu í málefnum fatlaðs fólks á starfssvæði Bergrisans. Gert er ráð fyrir að verkefnið taki sex til níu mánuði í framkvæmd.

Stjórn samþykkir ramma um stefnumótunina og felur verkefnastjóra að vinna verkefnið áfram. Skipað verður í hópinn þegar ný stjórn hefur tekið við eftir aðalfund í júní.

Stjórn staðfestir fundargerð þjónusturáðs að öðru leyti.

2. Uppsögn Sólheima á þjónustusamningi

Sólheimar hafa sagt upp núgildandi þjónustusamningi við Bergrisann frá og með 1. apríl 2026. Núverandi samningur gildir því út mars 2027. Jafnframt hafa Sólheimar sent bréf til annars vegar Innviðaráðuneytisins og hins vegar Félags- og húsnæðismálaráðuneytisins þar sem óskað er eftir samningi beint við Jöfnunarsjóð um fjárframlög.

Stjórn vísar til bókunar frá síðasta stjórnarfundum þar sem ákveðið var að fara í stjórnsýslu- og rekstrarúttekt á Sólheimum og breytir uppsögn samnings því ekki. Mikilvægt er að fara í úttektina til að mynda grunn að samningum um rekstur og þjónustu á Sólheimum til framtíðar sem og til að stjórn geti afgreitt beiðni Sólheima um aukin framlög. Stjórn Bergrisans vill jafnframt ítreka að fullur samningsvilji er af hálfu Bergrisans til að finna góða lausn á framtíð Sólheima sem byggir á grunni faglegrar úttektar. Stjórn Bergrisans samþykkir að fá HLH ráðgjöf til verksins og óskar eftir góðri samvinnu við Sólheima við vinnslu úttektarinnar.

Jafnframt felur stjórn Bergrisans starfsmönnum að ræða við Jöfnunarsjóð, Innviðaráðuneytið og Félags- og húsnæðismálaráðuneytið um stöðu mála á Sólheimum.

3. Erindi frá Grímsnes- og Grafningshreppi

Lagt er fram erindi frá Grímsnes- og Grafningshreppi er varðar landsúrræði í málaflokki fatlaðra, m.a. er varðar liðveislu og akstursþjónustu við íbúa Sólheima.

Verið er að vinna að þeim hluta erindisins er varðar liðveislu og verður það lagt fyrir stjórn Bergrisans þegar þeirri vinnu er lokið. Þá felur stjórn starfsmönnum Bergrisans að koma með tillögu að vinnslu erindisins er snýr að akstursþjónustu fatlaðra.

4. Endurskoðun 2025

Endurskoðunarskýrsla vegna ársreiknings 2025 sem og staðfestingarbréf stjórnendar er lagt fram til kynningar.

Eiginfjárstaða félagsins er sterk sem er vel enda stutt síðan að sveitarfélög þurftu að leggja byggðasamlaginu til aukið fjármagn til að geta sinnt lögbundinni þjónustu. Framundan er aukning á ýmsum rekstrarþáttum sem mun ganga á eigið fé félagsins, s.s. rekstur nýrrar skammtímadvalar, rekstur á nýju búsetuúrræði á Hvolsvelli og verið er að undirbúa næsta búsetuúrræði í Árborg. Var því nauðsynlegt að koma Bergrisanum á betri stað til að takast á við aukin verkefni sem eru framundan svo ekki þurfi að leita til aðildarsveitarfélaganna um viðbótarframlög á næstunni. Þá er vert að benda á að uppbyggingaráætlun Bergrisans er ekki að fullu fjármögnuð þrátt fyrir sterka stöðu og því mikilvægt að halda áfram á að efla reksturinn til að takast á við næstu verkefni.

5. NPA taxtar

Skrifstofustjóri upplýsti um stöðu NPA taxta á árinu 2026. Eftirfarandi taxtar verið notaðir við greiðslu NPA samninga á árinu:

- Gulur taxti: 8.304 kr.
- Blár taxti: 8.547 kr.
- Grænn taxti: 9.304 kr.
- Bleikur taxti: 10.831 kr.

6. Önnur mál

Engin önnur mál rædd.

Fundi slitið klukkan 15:25.

Undirritunarsíða

Ása Valdís Árnadóttir

Elliði Vignisson

Bragi Bjarnason

Eggert Valur Guðmundsson

Halldór B Hreinsson